

## 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli ára 1995 og 1996 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1995. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

## 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

## 6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

## 7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1997 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Bragi Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### un álagningarstofn fasteignaskatts 1997.

## 1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, sbr. lög nr. 122/1996 um breyting á þeim, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

## 2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri, er ráðuneytið staðfesti hinn 21. nóvember sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 606/1996 um nýtt fasteignamat.

## 3. gr.

Með vísan til tilvitnaðra laga tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1997 og falla þá jafnframt úr gildi auglýsingar nr. 608/1995 og 636/1996.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Björn Hafsteinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Guðmundur Jóhannsson.*

## REGLUGERÐ

### um gjaldhlutfall af söluvörum landbúnaðarins til Bjargráðasjóðs fyrir árið 1997.

## 1. gr.

Gjaldhlutfall af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga um Búnaðarmálasjóð nr. 41/1990, til Bjargráðasjóðs fyrir árið 1997 skiptist eftir búgreinum á eftirfarandi hátt:

- a) Greiða skal 0,2% af hrossaafurðum.
- b) Greiða skal 0,3% af afurðum sauðfjár, nautgripa, svína, alifugla (egg), æðardúni, loðskinnum og kartöflum.
- c) Greiða skal 1,0% af afurðum alifugla (kjöt).

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt b-lið 5. gr. laga um Bjargráðasjóð nr. 146/1995, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 1996.*

**Páll Pétursson.**

\_\_\_\_\_  
*Húnbogi Þorsteinsson.*